

Ed.

5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Flm.: Salome Porkelsdóttir.

1. gr.

Við 138. gr. laganna bætist ný mgr., svohljóðandi:

Brot, sem falla undir XXI. og XXII. kafla hegningarlaga, um sifskaparbrot og skír-lífisbrot, skulu hafa sérstakan forgang fram yfir önnur hegningarlagabrot hvað varðar rann-sókn og meðferð. Dómur í undirrétti skal ganga innan átta mánaða frá ákæru nema sér-stakar ástæður hamli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur verið allt sl. ár um kynferðisafbrot gagnvart börnum og það ekki að ástæðulausu. Afbrotin eru svo gróf og eðli þeirra slíkt að þau hljóta að setja mark sitt óafmáanlega á þá sem fyrir þeim verða og aðstandendur þeirra.

Samkvæmt upplýsingum geðlækna eru eftirfarandi einkenni dæmigerð fyrir ástand barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegri misnotkun: Þau þjást af hræðslu, sektarkennd og sjálfsmorðshugmyndum, þeim finnst þau sjálf vera óhrein og saurug vegna þess sem fyrir hefur komið.

Þjáningar sem þessar marka tvímælaust djúp spor í sálarlíf barnanna sem erfitt er að má burtu. Hver áhrif þessa kunna að verða síðar meir, t.d. á kynþroskaárunum, er ómögulegt að geta sér til um, en ljóst er að þau eru mikil.

Ef halda á uppi réttarríki hér á landi er nauðsynlegt að virðing ríki fyrir lögum og reglum. Hætt er við að sú virðing þverri þegar í ljós kemur að sami maðurinn kemst upp með að brjóta af sér gagnvart börnum áratugum saman.

Það verður að bregðast strax við afbrotum af þessu tagi, rannsaka þau til hlítar og ljúka allri meðferð þeirra á sem skemmstum tíma. Skjót málsmeðferð er sérstaklega nauðsynleg þegar börn eiga hlut að máli en á auðvitað við um öll mál sama eðlis. Börnin þurfa á öllu sínu að halda til þess að þroskast og komast til vits og ára. Eigi þau hins vegar um lengri tíma stöðugt yfir höfði sér upprifjun á þeim vöðaatburði sem hratt þeim úr öruggri og áhyggjulausri barnæsku yfir í kvalafulla veröld er næsta víst að sá þroski verður ekki áfallalaus.

Það er þess vegna einlæg ósk flutningsmanns að Alþingi afgreiði frumvarpið skjótt svo að hegningarlögin nái tilgangi sínum til fulls hvað þessi brot varðar.